



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 3/2025 (nr. 111)

Dagsetning: 27.3. 2025 kl. 15:00-16:50

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi og Laufey Haraldsdóttir (LH) sem ritar fundargerð. Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) boðaði forföll.

Dagskrá 111. fundar:

1. Dagskrádrög fundar 111
2. Fundargerð fundar nr. 110
3. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH - samkomulagsdrög
4. Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
5. Endurreisn Hóla í Hjaltadal
6. Niðurstöður úr vinnustaðakönnun "Stofnun ársins"
7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Dagskrádrög fundar 111.** Samþykkt.
2. **Fundargerð fundar nr. 110.** Samþykkt.
3. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.**

Rektor kynnir drög að þríhliða samkomulagi um stofnun háskólasamstæðu, dagsett 24.3.2025. Að samkomulaginu koma Háskólinn á Hólum (HH), Háskóli Íslands og Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneyti. Fram kom að auk þriggja manna stýrihóps sem komið hefur að samningsgerðinni f.h. HH er nú búið að stofna stærri starfshóp úr röðum starfsfólks HH, sk. akkerishóp. Hópurinn mun hittast reglulega til að fjalla um og rýna þá vinnu sem fram undan er í útfærslu á samningnum.

Umræða skapaðist um drögin og leggur háskólaráð áherslu á að Háskólinn á Hólum verði áfram sjálfstæður sérhæfður aðildarháskóli fyrirhugaðrar háskólasamstæðu, með lögbundið heiti í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008.

Drögin samþykkt.

4. **Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH.**

Rektor upplýsir um stöðuna:

- a) Í gangi er undirbúningsvinna vegna útboðs á uppbyggingu á kennslu og rannsóknaraðstöðu Háskólans á Hólum á Sauðárkróki. Í fyrsta áfanga er um að



ræða 876 fermetra lagareldishús. Í öðrum áfanga u.þ.b. 1500-2000 fermetra kennslu- og rannsóknarhúsnæði.

- b) Undirbúningsvinna er að hefjast vegna frumathugunar og hönnunar á nýju sameiginlegu húsnæði hestafræðideildar og ferðamáladeildar á Hólum. Vonast er til að þessi vinna fari af stað hjá Framkvæmdarsýslu ríkiseigna (FSRE) fyrir sumarleyfi.
- c) Þá er verið að þrýsta á FSRE að hefja sem allra fyrst þarfagreiningu varðandi fýsileika þess að háskólinn kaupi Brúnastaði á Hólum.
- d) Þekkingargarðar á Sauðárkróki. Rektor greinir frá framgangi mála í því verkefni.

5. Endurreisn Hóla í Hjaltadal

Tillögur starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal voru á dagskrá ríkisstjórnarinnar 7. mars s.l. Settur hefur verið á fót starfshópur undir forystu Margrétar Hallgrímsdóttur skrifstofustjóra í Forsætisráðuneytinu sem ætlað er að leggja fram framkvæmdartillögur varðandi endurreisn Hólastaðar. Þær framkvæmdartillögur byggja á niðurstöðum skýrslunnar [Hólar í Hjaltadal - Endurreisn þjóðmenningarstaðar](#) sem út kom í febrúar 2024. Gert er ráð fyrir að framkvæmdartillögunar liggi fyrir haustið 2025.

6. Niðurstöður úr vinnustaðakönnun "Stofnun ársins" á vegum Sameykis o.fl.

Niðurstöður vinnustaðakönnunarinnar „Stofnun ársins“ voru ræddar. Fram kom að þær hafa þegar verið ræddar í framkvæmdaráði háskólans sem sett hefur fram aðgerðaráætlun til þess að bregðast við þessum niðurstöðum. Háskólaráð lýsir ánægju með fyrirhugaðar aðgerðir.

7. Önnur mál

- a) Stofnun endurmenntunar við Háskólann á Hólum.

Lengi hefur verið kallað eftir endurmenntun á öllum fagsviðum háskólans; hestamennsku, ferðaþjónustu og fiskeldi. Rektor greinir frá að hafin sé vinna við stofnun endurmenntunarstofnunar við háskólann. Markmiðið með slíkri stofnun væri að bjóða endurmenntun tengdum fræðasviðum háskólans fyrir fjölbreytta hópa. Háskólaráð styður verkefnið heilshugar.

- b) Ályktun frá íbúum Hóla og nærsveita.

Á síðasta fundi, undir liðnum önnur mál, vísaði háskólaráð frá erindi frá nýstofnuðum íbúasamtökum á Hólum þar sem það var óundirritað. Nú hefur háskólaráði borist skjal dags 18.01.2025 með yfirskriftinni „Stofnfundur íbúasamtaka á Hólum í Hjaltadal“ þar sem viðstaddir stofnfundinn hafa ritað nöfn sín. Háskólaráð telur mikilvægt að benda á að á fundi ríkisstjórnarinnar þann 7. mars sl. var úrvinnsla tillagna starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal á dagskrá forsætisráðherra. Í kjölfarið var ákveðið að skipa í framkvæmdahóp sem mun hefja störf fljótlega undir forsæti fulltrúa



forsætisráðuneytisins varðandi framtíðarskipulag á Hólum í Hjaltaðal. Rektor var falið að tilkynna sendanda skjalsins um þetta.

- c) Kvörtun frá Erni Karlssyni. Málinu var frestað á síðasta fundi. Áður hefur komið fram í samskiptum við kvartanda að það sé ekki í verkahring háskólans að kveða upp úr með hvort tilteknir aðilar geti talist eiga höfundarétt að meintum hugverkum. Þótt kvartandi komi fram með einhliða sönnunarfærslu því til stuðnings að hann sé höfundur að keppnisgreininni gæðingafimi þá breytir það ekki hlutverki háskólans í þeim efnum. Er því ítrekuð fyrri afstaða háskólans um að hafna að taka afstöðu til þeirra krafna sem kvartandi hefur gert vegna þessa máls, þ.m.t. kröfu kvartanda frá 12.02.2025 um að háskólinn veiti leiðbeiningar um hvaða frekari sönnunargögn þurfi að leggja fram í málinu til sönnunar meintum höfundarrétti. Vegna óska kvartanda frá 14.02.2025 um leið til þess að kæra ákvörðun rektors til háskólaráðs er bent á að rektor fer, skv. 3. gr. reglna háskólans með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans milli háskólafunda. Rektor er falið að tilkynna kvartanda um þetta.

Fundi slitið kl. 16:30